

STJÓRNARHÁTTAYFIRLÝSING KVÍKU BANKA HF.

Lög og reglur

Kvíku banka hf. („Kvíka“ eða „bankinn“) ber að fylgja viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja samkvæmt 6. mgr. 45. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002. Kvíka hagar stjórnarháttum sínum í samræmi við 5. útgáfu Leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar voru út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq OMX Iceland hf. og Samtökum atvinnulífsins í maí 2015 („Leiðbeiningarnar“). Leiðbeiningarnar eru aðgengilegar á vefsíðu Viðskiptaráðs Íslands www.vi.is.

Kvíka er fjármálafyrirtæki sem starfar meðal annars samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og lögum nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti. Kvíka hefur hlotið starfsleyfi frá Fjármálaeftirlitinu („FME“) og hefur FME eftirlit með starfsemi bankans. Nánari upplýsingar um FME ásamt yfirliti yfir helstu lög og reglur sem um starfsemi bankans gilda á hverjum tíma má finna á heimasíðu FME www.fme.is.

Lýsing á helstu þáttum innra eftirlits og áhættustýringu félagsins

Stjórn mótar áhættustefnu og áhættuvilja bankans og ber ábyrgð á því að fyrir hendi sé virkt kerfi innra eftirlits. Innleiðing og framkvæmd innra eftirlits er á ábyrgð stjórnenda bankans og eftirlitseininga, þ.e. áhættustýringar, regluvörslu og innri endurskoðunar. Stjórn ræður innri endurskoðanda, ritar undir erindisbréf hans og samþykkir árlega endurskoðunaráætlun. Forstjóri ræður regluvörð með samþykki stjórnar og ritar undir erindisbréf hans. Skýrslur og niðurstöður innri endurskoðanda og regluvarðar eru birtar stjórn milliliðalaust.

Innra eftirlit bankans byggir á áhættumati og eftirlitsaðgerðum sem draga eiga úr áhættuþáttum í rekstri bankans. Hluti af innra eftirliti er skjalað og formfast verklag sem starfsmenn bankans fylgja í sínum daglegu störfum og er yfirfarið af eftirlitseiningum.

Stjórn hefur sett reglur um áhættustýringu félagsins og áhættustefnu. Tilgangur áhættustefnunnar er að áhættustýring bankans sé markviss og skilvirk sem og að koma á gagnsæi að því er varðar áhættutökur bankans á öllum stjórnunarstigum, allt frá stjórn til rekstrareininga og einstaklinga sem taka beinan þátt í daglegum rekstri og ákvarðanatöku varðandi áhættu.


IBH
AS
FRS

Gildi félagsins, siðferðisviðmið og stefna um samfélagslega ábyrgð

Kvíka hefur sett sér grunngildi í starfsemi sinni, en það er að hafa viðskiptamanninn í forgrunni. Kvíka axlar samfélagslega ábyrgð m.a. með samstarfssamningi við Unicef á Íslandi, (Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna), sem felst í lágum bankakostnaði auk stuðnings við ýmis verkefni Unicef á Íslandi. Kvíka hefur einnig undirritað styrktarsamning við Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum sem felur í sér árlegan styrk til stofnunarinnar til ársins 2018.

Samsetning og starfsemi stjórnar og undirnefnda stjórnar

Í stjórn Kvíku eiga sæti fimm stjórnarmenn en varamenn eru tveir. Aðalfundur kýs stjórn og varastjórn til eins árs í senn. Framkvæmdastjóri er ráðinn af stjórn, en hann ber starfsheitið forstjóri. Stjórnarfundir eru að jafnaði haldnir mánaðarlega.

Stjórnin fer með æðsta vald í málefnum bankans milli hluthafafunda. Megin skyldustörf hennar felast í því að hafa eftirlit með öllum rekstri bankans og sjá um að skipulag og starfsemi hans sé jafnan í réttu og góðu horfi. Stjórn skal annast um að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna bankans. Stjórn skal setja Kvíku áætlanir í samræmi við tilgang hans samkvæmt samþykktum hans og marka þá stefnu sem farin skal til að ná fram settum markmiðum. Stjórn ræður forstjóra, setur honum erindisbréf og hefur eftirlit með störfum hans. Þá kemur stjórn fram fyrir hönd bankans fyrir dómstólum og stjórnvöldum og ákveður hverjir hafi umboð til að skuldbinda bankann.

Stjórn skipar að minnsta kosti þrjá hæfa aðila í áhættu-, endurskoðunar- og starfskjaranefnd sem hefur meðal annars eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila sem og eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits, innri endurskoðunar og áhættustýringar. Þá hefur nefndin eftirlit með endurskoðun ársreiknings og samstæðureiknings og metur óhæði endurskoðenda og endurskoðunarfyrtækis og hefur eftirlit með öðrum störfum þeirra. Hún sinnir auk þess ráðgjafar- og eftirlitshlutverki fyrir stjórn bankans, m.a. vegna mótunar áhættustefnu og áhættuvilja hans.

Áhættu-, endurskoðunar- og starfskjaranefnd skal setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa hennar og skulu þær staðfestar af stjórn félagsins. Vegna eðlis nefndarinnar mega hvorki forstjóri né aðrir starfsmenn eiga þar sæti.

Forstjóri veitir nánari upplýsingar um starfsreglur og starfsemi stjórnar og undirnefnda.



Upplýsingar um stjórnarmenn

Þorsteinn Pálsson er stjórnarformaður. Hann var kjörinn í stjórn bankans í apríl 2011. Þorsteinn útskrifaðist með embættispróf í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 1974. Þorsteinn starfaði sem ritstjóri Fréttablaðsins árin 2006 til 2009, en þar á undan sem sendiherra Íslands í Kaupmannahöfn 2003 til 2005 og í London 1999 til 2002. Þorsteinn tók sæti á Alþingi árið 1983. Hann var formaður Sjálfstæðisflokksins frá 1983 til 1991, fjármálaráðherra 1985 til 1987 og forsætisráðherra 1987 til 1988. Á árunum 1991 til 1999 gegndi hann embætti sjávarútvegsráðherra og dóms- og kirkjumálaráðherra. Þorsteinn hefur einnig sinnt fjölmörgum trúnaðarstörfum í hinum ýmsu nefndum og stjórnnum.

Finnur Reyf Stefánsson útskrifaðist með BSc gráðu í hagfræði frá Háskóla Íslands árið 1992. Árið 1994 lauk hann MBA námi í fjármálum frá Virginia Polytechnic and State University í Bandaríkjunum, og árið 2001 löggildingu í verðbréfamiðlun. Frá árinu 1994 til 1997 starfaði Finnur sem sjóðsstjóri verðbréfa- og hlutabréfasjóða Landsbréfa, og sem framkvæmdastjóri Landsvaka ehf., dótturfélags Landsbréfa. Frá 1998 til loka árs 1999 starfaði Finnur sem staðgengill framkvæmdastjóra í áhættustýringu Fjárfestingarbanka atvinnulífsins. Frá árinu 2000 til 2006 starfaði hann sem framkvæmdastjóri Markaðsviðskipta Íslandsbanka- FBA (Glitnis). Finnur gegndi hlutverki framkvæmdastjóra rekstrarsviðs Glitnis frá ágúst 2006 til maí 2007. Frá vori 2007 hefur Finnur átt og rekið með öðrum fjárfestingarfélagið Siglu og fasteignafélagið Klasa, ásamt dótturfélögum þess, með tilheyrandi daglegum rekstri og stjórnarsetu. Auk þess hefur hann frá árinu 2006 stjórnað fjárfestingarfélaginu Snæbóli ehf. ásamt eiginkonu sinni. Fjárfestingarfélagið Sigla sem Finnur Reyf á 25% eignarhlut í á 7,55% eignarhlut í bankanum og samtals 121.151.111 hluti. Finnur Reyf er síðan 50% eigandi að Snæbóli ehf. sem á 1,87% eignarhlut í bankanum og á 30.000.000 hluti.

Jónas Hagan Guðmundsson útskrifaðist með BS í Stjórn málafræðum og Alþjóðlegum viðskiptum frá Wake Forest University í Bandaríkjunum 1992 og kláraði einnig Young Managers Program frá INSEAD í Frakklandi árið 2000. Jónas er meðeigandi að Varða Capital ehf., en var meðal annars framkvæmdastjóri og í stjórn Fintrax Group Holdings Ltd. frá árunum 2013-2014, forstjóri í Tax Free Worldwide Ltd. til ársins 2013 og forstjóri Global Blue í Danmörku árið 2000. Jónas stofnaði Global Blue á Íslandi 1996 og Tax Free Worldwide Ltd. (TFW) árið 2001 en Jónas var bæði forstjóri og stjórnarformaður TFW til ársins 2013. Jónas Hagan á 25% eignarhlut í Varða Capital ehf. sem hefur 7,99% eignarhlut í bankanum og ræður yfir 128.159.111 hlutum.

Inga Björg Hjaltadóttir (1970), lögmaður hjá Lögfræðistofu Reykjavíkur, var kjörin í stjórn í apríl 2013. Inga Björg útskrifaðist með Cand jur. gráðu frá Háskóla Íslands árið 1995 og hlaut héraðsdómslögmannsréttindi árið 2003. Hún hefur starfað sem ráðgjafi hjá Attentus mannaúði og ráðgjöf frá árinu 2007, var lögmaður hjá DP lögmönnum á árunum 2003-2006 og gegndi stöðu deildarstjóra hjá Eimskipafélagi Íslands árin 1999-2003. Árin 1996-1999 var Inga Björg



deildarlögfræðingur og síðar staðgengill starfsmannastjóra Reykjavíkurborgar. Hún hefur áður setið í stjórnnum Límtrés Vírnets hf., E-Farice ehf. og Smellinns eignarhaldsfélags ehf. Þá situr Inga í endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar, Orkuveitu Reykjavíkur, Strætó BS, Malbikunarstöðvarinnar Höfða, Faxaflóahafna, Sorpu, Félagsbústaða og Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins. Inga er einnig dómari í Félagsdómi.

Anna Skúladóttir (1948), endurskoðandi, útskrifaðist sem meinataeknir frá Tækniskóla Íslands 1974 og síðan sem Cand oecon, viðskiptafræðingur af endurskoðunarviði frá Háskóla Íslands árið 1988. Hún varð síðan löggiltur endurskoðandi árið 1995. Anna starfaði sem sérfræðingur hjá Löggiltum endurskoðendum hf. frá 1988-1995, var fjárreiðustjóri Reykjavíkurborgar 1995-1999 og síðan fjármálastjóri Reykjavíkurborgar 1999-2005. Árin 2005-2006 starfaði hún sem sviðsstjóri fjármálasviðs hjá Reykjavíkurborg. Hún var framkvæmdastjóri fjármála hjá Orkuveitu Reykjavíkur frá 2006 til byrjun árs 2011. Anna hefur frá 2011 starfað sem sjálfstætt starfandi sérfræðingur á sviði stjórnunar, fjármála og reikningsskila. Hún er framkvæmdarstjóri Jarðvarma slhf. sem er fjárfestingarsjóður í eigu 14 lífeyrissjóða. Anna situr í stjórn AS ráðgjöf, ásamt því að vera eigandi félagsins, sem á 0,62% eignarhlut í Kvik og samtals 10.000.000 hluti. Hún situr einnig í stjórnnum HS orku hf, Bláa Lónsins ehf. og Eldvörp ehf.

Varamenn í stjórn Kvik eru Kristín Guðmundsdóttir og Ármann Fr. Ármannsson.

Helstu þættir í árangursmati stjórnar

Árangursmat stjórnar Kvik fer fram árlega. Mat er lagt á hvernig til tókst með verkefni og störf stjórnar á liðnu ári. Litið er til stefnumótunar, upplýsingagjafar og framtíðarsýnar, samsetningu og stærðar stjórnar, frammistöðu stjórnarmanna, störf undirnefnda og frammistöðu forstjóra. Þá skal þróun félagsins yfirfarin og mat lagt á hvort hún sé í samræmi við markmið þess. Í kjölfar árlegs árangursmats skilgreinir stjórn verkefni á þeim sviðum sem úrbóta er þörf.

Upplýsingar um forstjóra félagsins og lýsing á helstu skyldum hans

Forstjóri félagsins frá 1. júlí 2011 er Sigurður Atli Jónsson. Sigurður Atli er fæddur árið 1968, hann hefur meistaraþráðu í hagfræði frá Queen's University í Kanada (1994), B.Sc. gráðu í hagfræði frá Háskóla Íslands (1992) og hefur að auki lokið prófi í verðbréfamiðlun. Hlutfjáreign auk kaupréttar forstjóra ná samanlagt ekki 1% hlutfjár í félaginu. Sigurður Atli er stofnandi ALFA verðbréfa og starfaði þar sem framkvæmdastjóri en áður var hann forstjóri Landsbréfa hf. og framkvæmdastjóri verðbréfasviðs Landsbanka Íslands hf. Hann hefur setið í stjórnnum ýmissa fyrirtækja og verið stundakennari í fjármálum við Háskóla Íslands.

Forstjóri skal annast daglegan rekstur félagsins og skal í þeim efnum fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem stjórn félagsins hefur gefið. Hinn daglegi rekstur tekur ekki til ráðstafana sem eru óvenjulegar eða mikilsháttar. Forstjóri skal sjá um að bókhald félagsins sé fært í samræmi



Handwritten signatures and initials in blue ink, including a large signature at the top, followed by 'Lett', 'AS', and 'FAS' at the bottom.

við lög og venjur og meðferð eigna félagsins sé með tryggilegum hætti. Forstjóri ræður og segir upp starfsmönnum félagsins. Honum er ennfremur skylt að hlíta öllum fyrirmælum stjórnar. Forstjóra ber að veita endurskoðendum félagsins allar þær upplýsingar sem þeir kunna að óska.

Upplýsingar um brot á lögum og reglum sem viðeigandi eftirlits- og eða úrskurðaraðili hefur ákvarðað

Kvíka hefur ekki sætt afturköllun, ógildingu eða uppsögn skráningar, heimildar eða leyfis til þess að stunda tiltekin viðskipti, starfsemi eða starf.

Fyrirkomulag samskipta hluthafa og stjórnar

Fréttir af starfsemi bankans eru birtar á heimasíðu hans auk þess sem fréttatilkynningar eru sendar út við markverða atburði í rekstri bankans. Á aðalfundi bankans er jafnframt haldin ýtarleg kynning á starfsemi félagsins undanfarið ár auk þess sem upplýsingar um rekstur félagsins eru birtar í ársreikningum lögum samkvæmt.

Stjórnarháttayfirlýsing þessi var yfirfarin og samþykkt á fundi stjórnar bankans þann 14. apríl 2016.

Þórunn P. Pálsson.
Lugn B. H. A.
Anna Skúladóttir
Jónas Vagn
R. R. R.

Statement on the Corporate Governance of Kvika banki hf.

Kvika banki hf. (“Kvika” or the “bank”) is obliged to implement recognized guidelines on Corporate Governance under Article 45 of the Act on Financial Undertakings no. 161/2002. Kvika complies with the Guidelines on Corporate Governance, 5th edition, published in May 2015 by the Chamber of Commerce, Nasdaq OMX Iceland and the Confederation of Icelandic Employees (the „Guidelines”). The Guidelines are available on the website of the Chamber of Commerce www.vi.is.

Kvika is a financial corporation which operates pursuant on Act no. 161/2002 on Financial Undertakings and on act no. 108/2007 on Securities Transactions. Kvika has received authorization from the Financials Supervisory Authority (“FME“). The FME monitors the bank’s activities. For more information on the FME and summery of major laws and regulations governing the operations of the bank at given time can be found on FME website www.fme.is.

Internal control and risk management

The Board of Directors develops the bank’s risk policy and risk appetite and is responsible for ensuring that an active system of internal controls is in place. The implementation and execution of the internal controls rests with the Bank’s managing directors along with control units, i.e. Risk management, Compliance and Internal Auditor. The Board of Directors hires an internal auditor. The Board further agrees to an audit plan for each year. The CEO hires a compliance officer, with the approval of the Board of Directors. The reports and findings of the internal auditor and of the compliance officer are presented directly to the Board of Directors.

The Bank’s internal controls are built on risk assessment and control measures, which are intended to minimize the risk that exceeds the approved risk appetite of the Bank. A part of internal controls entails formal working procedures, which the control units verify compliance to.

The Board of Directors has implemented a risk policy for the company, for a focused and effective risk management and in order to enhance transparency in the company’s risk taking at all the management levels, from the Board of Directors to the operational units and individuals that directly participate in the daily operations and decisions involving any risk taking.

Kvika’s values and social responsibility



Handwritten initials and signatures in blue ink, including a stylized 'R' at the top, a signature below it, and the initials 'FAS', 'IBH', and 'AS' at the bottom.

Kvika has implemented core values to its operations but that is to have the customer in the foreground. Kvika take its social responsibilities seriously and has co-operated with Unicef Iceland and been a sponsor for various events and projects of Unicef in Iceland. Kvika has also signed a sponsorship deal with The Vigdís Finnbogadóttir Institute of Foreign Languages which includes an annual grant to the organization until 2018.

On the Board of Directors and its sub-committees

Each year, the Annual General Meeting of Kvika elects five board members and two alternate board members. The managing director is hired by the Board of Directors and his job title is CEO. Board meetings are held monthly.

The Board of Directors holds the highest authority of the company between shareholder meetings. It's main duties are to thoroughly and consistently supervise the operations of the company and make sure that the company's organization and operations are at all times in good order. The Board of Directors shall make sure that the company's financial matters including the financial reporting practices are diligently supervised. The Board of Directors shall make operational plans according to the company's purpose according to the Articles of Association and form a policy in order to reach the goals that have been set. The Board of Directors hires a managing director of the company and supervises his work. The Board of Directors presents the company before official parties and the courts, and decides which parties are authorized to bind the company with their signatures.

The board shall appoint three qualified individuals for membership of the Company's Risk, Audit and Remuneration Committee ("RAR") that among other things oversees supervision of work processes in preparation of annual accounts and supervision of the arrangements and efficiency of the Company's internal supervisory unit, internal auditing and risk management. The RAR committee is responsible for the assessment of the independence of the Company's auditing firm and supervision of other tasks of the Auditor or auditing firm. It also deals with advisory services and supervision for the Board of Directors regarding the determination of the risk strategy and risk appetite of the Company.

The RAR Committee shall incorporate procedural rules that shall be confirmed by the Board of Directors. Due to the nature of the Committee's work neither the CEO nor other employees are eligible for membership in the Committee.

The CEO provides further information on rules of procedure of the board and sub-committees.

Members of the Board



Þorsteinn Pálsson serves as Chairman of the Board. He was elected to the Board in April 2011. Mr. Pálsson graduated with a law degree from the University of Iceland in 1974. He was the editor in chief for Fréttablaðið 2006-2009. From 2003 to 2005 he was the ambassador for Iceland in Denmark and in England from 1999 to 2002. He was elected to Alþingi (the Icelandic Parliament) in 1983. He was the chairman of Sjálfstæðisflokkur (the Independence Party) from 1983 to 1991, Minister of Finance from 1985 to 1987 and Prime Minister from 1987 to 1988. From 1991 to 1999 he served as Minister of Fisheries and Minister of Justice.

Finnur Reyrr Stefánsson graduated with BSc degree in economics from the University of Iceland in 1992. In 1994 he completed an MBA in finance from Virginia Polytechnic and State University in the United States. He holds a degree in securities trading from 2001. From 1994 to 1997 Finnur worked as a fund manager of securities funds and equity funds of Landsbréf and as the manager of Landsvaki ehf., subsidiary of Landsbréf. From 1998 until the end of 1999 Finnur worked as a deputy director in risk management in the FBA Icelandic Investment Bank. From 2000-2006 he worked as a director of Markets in Íslandsbanki-FBA (Glitnir). Finnur held the position of COO in Glitnir from August 2006 till May 2007. From spring 2007 Finnur has owned and operated with others the investment company Sigla and the real estate company Klasi, along with their subsidiaries, associated with daily operations and board membership. Along with that he has from the year 2006 controlled the investment company Snæból ehf. with his wife. Finnur Reyrr owns a 25% share in the investment company Sigla ehf. that has 7,55% of shares in the Bank and altogether 121,151,111 shares.

Jónas Hagan Guðmundsson graduated with a BS degree in Political sciences and International Business from Wake Forest University in the United States in 1992 and also finished The Young Managers Program from INSEAD in France in 2000. Jonas is the co-owner of Varða Capital ehf., and was also the manager and a Board member of Fintrax Group Holdings Ltd. from 2013 until 2014, the CEO of Tax Free Worldwide Ltd. until 2013. He was also the CEO of Global Blue in Denmark in 2000. Jónas was the founder of Global Blue in Iceland 1996 and Tax Free Worldwide Ltd. (TFW) in 2001, but Jónas was both the CEO and the chairman of TFW until 2013. Jónas Hagan owns a 25% share in Varða Capital ehf., which holds 7,99% of shares in the Bank, 128,159,111 shares in total.

Inga Björg Hjaltadóttir (1970), a lawyer and partner with Reykjavík Law Firm and Attentus Human Resources and Consultants, was elected to the Board in April 2013. Ms. Hjaltadóttir graduated with a Cand Jur. degree from Iceland University in 1995 and was licensed as a District Court Attorney in 2003. She was an attorney with DP law firm from 2003 to 2006 and before that she worked as chief of division with Eimskipafélag Íslands from 1999 to 2003. From 1996 to 1999 she was a lawyer and later a deputy chief of staff for the city of Reykjavík. She has previously been a board member of Límtré Vírnet hf., E-Farice ehf. And Smellinn eignarhaldsfélag ehf. Inga sits on the Auditing Committee for the city of Reykjavík, Reykjavík Energy, Strætó, Malbikunarstöðin Höfða, Faxaports, Sorpa bs., Félagsbústaðir, Reykjavík fire department. She is also a judge at the Icelandic Labour Court.



Anna Skúladóttir is a certified public accountant. She was elected to the Board in March 2016. She graduated as a lab technician from the Technical College of Iceland in 1974. She received a Cand. oecon. degree in Business administration at the Faculty of Economics and Business Administration in the University of Iceland in 1988. She became a certified public accountant the year 1995. Anna worked as a specialist at Löggiltir endurskoðendur (CPA) from 1988 until 1995, Treasurer of the City of Reykjavík from 1995-1999 and then as the CFO of the City of Reykjavík from 1999 until 2005. From 2005 until 2006 she worked as the division manager of the Financial office at the City of Reykjavík. She held the position of CFO at Orkuveita Reykjavíkur from 2006 until the beginning of 2011. Since 2011, Anna has been an independent expert in the fields of management, finance and accounting. She's the managing director of Jarðvarmi slhf., an investment fund owned by 14 pension funds. Anna is on the board of AS ráðgjöf and owns the company which has a 0,62% stake in Kvika with 10,000,000 shares. Anna also sits on the boards of HS orka hf., The Blue Lagoon ehf. and Eldvörp ehf.

Alternate board members are Kristín Guðmundsdóttir and Ármann Fr. Ármannsson. Two alternate board members are present at board meetings according to the bank's Articles of Association.

Annual Performance Assessment

The board must annually evaluate its work and performance for the previous year. The focus of the assessment is on policy making, disclosure and future vision, the size and composition of the board, performance of board members, the work of sub-committees and performance of the CEO. The development of the bank is reviewed and assessed in light of its goals and objectives. Following the annual performance assessment, the board of directors defines tasks in areas where improvement is called for.

Managing director of Kvika

The managing director of the company from 1 July 2011 is Sigurður Atli Jónsson. Mr. Jónsson was born in 1968 and received a master's degree in economics from Queen's University in Canada (1994) and a B.Sc. degree in economics from University of Iceland (1992). He holds a degree in securities trading. Sigurður Atli holds shares and options in the company which, taken together, account for less than 1% of the total share capital of the company. Mr. Jónsson was the founder and CEO of ALFA verðbréf, before that he was the CEO of Landsbréf hf. and a manager in Landsbanki Íslands hf. He has been a board member in different companies and has taught finance at the University of Iceland.

The managing director is in charge of the day-to-day operations of the company and shall in this respect observe the policy and directions of the Board of Directors. Day-to-day operations do not include measures which are unusual or extraordinary. The managing director shall ensure that the accounts of the company are kept in accordance with statutory law and accepted practices and that the disposal of the company's properties is secure. The managing director



shall hire and fire the employees of the company. He shall observe all instructions of the Board of Directors. He is required to provide any information that may be requested by the company's auditors.

Information on violations of laws and regulations that the appropriate supervisory or ruling body has determined

Kvika has not been subject to any disciplinary sanctions, judgments or penalties due to any breach of law or rules that apply to its operations.

Communication routes between shareholders and Board of Directors

News from the company's operations are routinely published on the company's website and press releases are sent out as necessary when newsworthy events take place. A thorough presentation of the company's operations takes place at the Annual General Meeting of the company and information on all aspects of the company's operations are published in the company's annual accounts and financial statements.

This statement on the corporate governance practices of Kvika hf. was reviewed and agreed upon by the Board of Directors.





